



**HÖGGMYNDASÝNING**

PÁLS GUÐMUNDSSONAR  
AÐ KJARVALSSTÖÐUM

**23.2.'85**

Myndirnar eru allar nema ein höggnar í rauðt og blátt grjót, en það finnst í Bæjargilinu á Húsafelli. Það er ekki nýjung að nota þetta grjót til listaverkagerðar.

Jakob Snorrason á Húsafelli (1755-1839) gerði úr því legsteina sem hann formaði fagurlega og risti á þá langar grafsskriftir. Þorsteinn sonur hans (1814-1868), náði jafnvel enn framar í þessari list og bárust legsteinar hans víða, m.a. gerði hann legstein yfir Hallgrím Pétursson að beiðni Magnúsar Stephenses. Enn eldri steinar úr rauðu grjóti eru í Húsafellskirkjugarði, sumir skemmdir, á öðrum sér ótrúlega lítið.

Listamenn hafa líka notað rauða grjótið til höggmyndagerðar og má þar nefna Magnús Á. Árnason.

Jarðfræðingar telja þetta grjót einstætt og ekki að finna annarsstaðar en í Bæjargili á Húsafelli. Náman er ekki auðfundin og erfitt að ná grjótinu.

- |                                       |                                   |
|---------------------------------------|-----------------------------------|
| 1. <i>Húsafellspresturinn</i>         | 13. <i>Fótur</i>                  |
| 2. <i>Kirkjusmiðurinn á Húsafelli</i> | 14. <i>Tröllshendi</i>            |
| 3. <i>Allsherjargoðinn</i>            | 15. <i>Fótur (öðruvísí fótur)</i> |
| 4. <i>Ljón</i>                        | 16. <i>Kristleifur</i>            |
| 5. <i>Hrútur</i>                      | 17. <i>Jóhannes</i>               |
| 6. <i>Listagyðjan</i>                 | 18. <i>Stúlka með kórónu</i>      |
| 7. <i>Hallgerður Langbrók</i>         | 19. <i>Barnshöfuð</i>             |
| 8. <i>Grettir og Glámur</i>           | 20. <i>Andlit</i>                 |
| 9. <i>Hallsteinn</i>                  | 21. <i>Listamaður</i>             |
| 10. <i>Hallsteinn (í leir)</i>        | 22. <i>Freymóður</i>              |
| 11. <i>Andrés</i>                     | 23. <i>Grettir</i>                |
| 12. <i>Ungur drengur</i>              |                                   |

Páll Guðmundsson er fæddur 1959.  
Hann stundaði nám í myndlistarskólanum  
1977-1981. Hann hefur haldið sýningar  
sem hér segir:

1. Mötuneyti Flugleiða 1981
2. Matsalur Brunabótafélags  
Íslands 1981
3. Loftleiðahótelið 1981
4. Borgarnes 1982
5. Samsýning ungra myndlist-  
armanna á Kjarvalssstöðum 1982
6. Kleppjárnsreykir 1983
7. Landsspítalinn 1984